

Aðalfundur foreldráðs 5. október 2021 kl 19:00-20:30

Dagskrá:

- Innlegg frá formanni foreldraráðs – Kristín Finnsdóttir
- Skólastarfið á haustönn – Steinn Jóhannsson rektor MH
- Innlegg um námsval og forvarnir – Fríður Reynisdóttir náms- og starfsráðgjafi/forvarnarfulltrúi
- Foreldraþopp - Ari Eldjárn

Innlegg frá formanni foreldraráðs

Kristín Finndís formaður bauð fólk velkomið og fór yfir starfið síðasta ár. Starfsemin litaðist af heimsfaraldri og ekki var haldinn aðalfundur 2020. Facebook síðan „MH foreldrar og forráðamenn“ var mikið notuð af foreldrafélaginu í Covid-19 til upplýsingarmiðlunar til foreldra og verður vonandi áfram í tíð nýs formanns. Farið var yfir reikninga síðasta skólaárs. Foreldrar hafa val um að borga 500 krónur til foreldrafélagsins og er peningurinn nýttur í þágu nemenda. Það sem hefur verið keypt er m.a. borðtennisborð, sjávarpi í Norðurkjallara, leiktjöld, spil, vasareiknar og heyrnartól, prentari á bókasafn og vinningar í edrúpottinn svo eitthvað sé nefnt. Á þessari önn er búið að gefa vilyrði fyrir nýju hljóðkerfi, podcast tækjum og hljóðeinangrandi sófum. Kristín formaður hættir eftir þennan fund og skipa þarf nýja stjórn. Undirtektir voru með ágætum og margir viljugir til að taka við keflinu í nýrri stjórn. Fundur verður haldinn bráðlega þar sem ný stjórn tekur við og mun skipta með sér verkum.

Upphaf skólastarfsins haustið 2021

Steinn Jóhannsson rektor fór yfir stöðuna og ræddi m.a. um gott samstarf við foreldraráð og upplýsingagjöf og vísaði í fréttabréf sem kom út fyrir stuttu og má sjá hér <https://sway.office.com/prNioVRly8ELNKsY?ref=Link> Samkvæmt Steini fer skólastarfið vel af stað og nemendur að standa sig vel. Nú er ljóst að áfram verður grímuskylda í almenningsrímum (var felld niður 11. Október) og þar sem ekki er hægt að tryggja 1m fjarlægð á milli nemenda, u.þ.b. 150 grímum er útdelt til nemenda á hverjum morgni en margir eru með sínar eigin grímur. Í kennslustundum er valfrjálst að taka þær niður og flestir kjósa það. Steinn hvetur foreldra til að fylgjast með námi og viðveru unglínganna sinna á Innu. Einnig ræddi hann um netnotkun og samfélagsmiðla og hvatti til þess að foreldrar ræða þessi mál við sín ungmenni. Að lokum kom hann stuttlega inn á starfsemi nemendafélagsins og hvað væri framundan eins og t.d. Grímuball í lok mánaðarins.

Námsval og forvarnir

Fríður Reynisdóttir náms- og starfsráðgjafi fjallaði um valið og valvikuna sem nú stendur yfir og hvatti foreldra til að fylgjast með og setja sig inn námsferil sinna unglíngna. Nýnemar fá aðstoð við námsval í lífsleiknitímum og aðrir nemendur gátu sótt sér aðstoð 1. október hjá sínum umsjónarkennurum. Allir nemendur geta sótt aðstoð til námsráðgjafa varðandi val og annað sem þeim liggur á hjarta.

Sem forvarnarfulltrúi fjallaði Fríður um viðburði næstu vikna, m.a. að í næstum hverri viku stendur eitthvert ráða NFMH fyrir viðburðum í skólanum, fyrirhugað grímuball í lok október og hlutverk foreldra í raðagæslu á böllum sem má líkja við foreldrarölt í hverfum sem margir þekkja. Á heimasíðu skólans undir merki nemendafélagsins má finna atburðadagatal, <https://www.nfmh.is/>

Foreldraþepp

Ari Eldjárn var með uppistand af sinni alkunnu snilld.

Opið fyrir spurningar

Engar formlegar spurningar bárust en Kristín Finndís, stjórnendur og náms-og starfráðgjafi spjölluðu óformlega við gesti í lok fundar.

Fundastjóri: Helga Jóhannsdóttir

Ritari: Fríður Reynisdóttir